

## 1153. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 16.11 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Áður en að fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna fyrir breytingu á áður boðaðri fundardagskrá þannig að liðurinn „Viðræður um sameiningu VR og VMS“ sem átti að ræða undir liðnum Önnur mál, myndi færast upp og verða liður nr. 3 og aðrir dagskrárliðir færðust þá aftar samkvæmt því.

Samþykkt.

### Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1152. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar**  
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1152. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.  
Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.
- 2. Kjaramál**  
Ólafía Björk ræddi nýliðið sambandsþing ASÍ. Þakkaði hún fundarmönnum fyrir þátttöku í þinginu og sagði að þar hefðu margar góðar ályktanir verið samþykktar og frjóar umræður átt sér stað. Einnig hafi verið mjög áhugaverð sú nýbreytni að bjóða stjórnálmönnum í pallborðsumræður og fyrirspurnir. Það hefði mælst vel fyrir.

Þá ræddi hún stöðu SALEK en viðræðum var slitið eins og kunnugt er. Ásteytingarsteinninn eru ákvæðin um jöfnun lífeyrisréttinda og verður það vandamál næstu ríkisstjórnar að greiða þá flækju en það verður að ná því í gegnum þingið svo ekki stefni í óefni. Auðvitað gætu kjaramálin einnig strandað á ákvörðun kjararáðs og kannski ekki síður vegna stöðu í kjaradeilu kennara.

Á morgun er boðaður fundur með SA og svo með stóru samninganefnd ASÍ í næstu viku.

Ræddi Ólafía Björk þá næst samanburðartölur um laun stjórnenda og alþingismanna sem ASÍ hefur unnið. Þetta verður sett inn á stjórnarvefinn á morgun með ítarlegri upplýsingum.

Þá ræddi hún samstarfið við SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um launakönnun og Fyrirtæki/Stofnun ársins. Hún hafi tilkynnt á síðustu hátíð um ákveðnar breytingar á fyrirkomulagi verðlauna en nú hafi einnig verið ákveðið að VR verði eitt með hátíðina næst. Það mun kosta meira en hefur marga kosti eins og t.d. þá að við getum boðið fleiri starfsmönnum fyrirtækja og haft fleiri flokka.

Umræður.

### 3. Viðræður um sameiningu VR og VMS

Ólafía Björk sagði frá viðræðum um mögulega sameiningu VR og Verslunarmannafélags Suðurlands (VMS) sem hafi átt sér stað síðustu misseri. Af því tilefni hefðum við svarað ýmsum spurningum sem VMS hefði lagt fyrir okkur og stéttarfélagið Bárúna vegna þeirra markmiða sem þau höfðu sett sér með slíkri sameiningu.

Niðurstaðan er sú að stjórn VMS mælir með því að stefnt sé að sameiningu við VR og var sú tillaga stjórnar VMS samþykkt á aukaaðalfundi félagsins þann 15. nóvember sl. Það sem taki því við núna séu viðræður um samning til sameiningar og að því búnu verður hann settur í rafræna allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VMS. Verði hann samþykktur myndum við taka sameininguna fyrir á næsta aðalfundi VR í mars 2017 þar sem þyrfti að fylgja með breytingartillaga á 1. gr. laga VR um félagssvæði þar sem myndu bætast við orðin „Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu“.

Umræður.

Að loknum umræðum óskaði Ólafía Björk eftir heimild til þess að VR fari í þessar viðræður um að stilla upp samkomulagi um samning til sameiningar VR og VMS.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Níu mánaða uppgjör

Stefán lagði fram skjalið „*Lykiltölur VR jan-sept 2016*“ og fór yfir innihald þess. Í máli hans kom m.a. fram að orðið hafi töluvert mikil fjölgun félagsmanna á tímabilinu eða 4,4%. Það vekur athygli að enn fækkar afgreiðslum, símtölum og póstum á [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) sem megi skýra með því að sífellt fleiri félagsmenn nýta sér rafrænar umsóknir styrkja og leiti sér upplýsinga á vef félagsins fremur en að hringja inn. Fjöldi mála á kjaramálasviði VR vex hins vegar um 9%.

Þá kom fram í máli Stefáns að á tímabilinu hafi tekjur félagsins aukist um 13% eða um 2.6 milljarða kr. og gjöld hafi aukist um 6.3% eða 2.2 milljarða kr. Styrkir úr VR varasjóði lækka um 3,8% en styrkir úr sjúkrasjóði aukast um 5,9%.

Eignir VR hafa á tímabilinu aukist um 6,8% og eru nú 10.8 milljarðar kr. Þá næst fór Stefán yfir tölur á hvern félagsmann reiknaðar á ársgrundvelli.

Næst fór Stefán yfir uppgjör tímabilsins og kom fram m.a. að rekstrartekjur umfram gjöld eru 352 milljónir kr., fjármagnsliðir alls eru 112 milljónir kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 464 milljónir kr.

Þá skoðaði hans ýmsar rauntölur á móti áætlun og kom m.a. fram að í fyrsta skipti er nú sala gjafabréfa Icelandair undir áætlun en mikil aukning hafi hins vegar orðið í sölu gjafabréfa WOWair og sé það yfir áætlun. Í kaflanum um útbreiðslu- og félagsmál kom fram að kostnaður við hönnun og umbrot sé undir áætlun en skýrist að hluta með því að enn eigi eftir að koma inn kostnaður m.a. við hönnun nýrrar jólaauglýsingar VR ofl. Þá hafi kostnaður við kosningar verið yfir áætlun og einnig kostnaður við vefsíðu félagsins. Varðandi skrifstofu- og launakostnað hafi launakostnaður verið undir áætlun og einnig fjármagnstekjur en það sé alltaf erfitt að áætla slíkt vegna sveiflu á gengi og verði hlutabréfa.

## 5. Rekstraráætlun 2017

Stefán lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2017*“ og „*Rekstraráætlun VR – Skýringar*“ og fór ítarlega yfir efni þeirra. Sagði hann að helstu forsendur áætlunar fyrir árið 2017 séu þær að verðbólga yrði 3,2%, félagsmönnum myndi fjölga um 2,1% og að hækkun launa yrði 4,5% samkvæmt kjarasamningi þann 1. maí 2017 og að launaskrið yrði 2,6%. Þá sé gert ráð fyrir að meðalávöxtun á verðbréfasafni okkar verði 4,31% og að raunávöxtun yrði 1,1%. Einnig að stöðugildi hjá félaginu yrðu svipuð eða 52,5 og að greiðsla sjúkradagpeninga myndi hækka um 9,6% og framlag í VR varasjóð yrði 600 milljónir kr.

Þá fór Stefán yfir ýmis atriði sem reiknað er með að farið verði í á árinu 2017 m.a. að keypt verði 17 ný orlofshús, gerð verði ný kennslumyndbönd vegna skólakynninga VR auk auglýsingar um kurteisi viðskiptavina gagnvart afgreiðslufólki ofl.

Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrartekjur verði 3.8 milljarðar kr., rekstrargjöld 3.4 milljarðar kr. og að rekstrartekjur umfram gjöld verði 344 milljónir kr. Áætlað er að fjármagnsliðir alls verði 290 milljónir kr. og að hreinar tekjur til ráðstöfunar verði 633 milljónir kr.

Næst fór Stefán ítarlega yfir deildaskipta áætlun og loks yfir áætlaðar fjármunatekjur. Einnig sagði hann frá áætluðum fjárfestingum.

Umræður.

Að loknum umræðum var Stefáni þakkað fyrir mjög góða og ítarlega framsetningu rekstraráætlunar með lófataki.

## 6. Jólstyrkir stjórnar VR

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað – Jólstyrkir stjórnar*“ dags 10.11 2016 og fór yfir efni þess.

Áætlað er að jólstyrkur stjórnar VR á árinu 2016 sé alls 4.000.000 kr. Reiknað hefur verið með að jólstyrk stjórnar VR sé varið til hjálparsamtaka sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna þeirra fyrir jólin og stungið er uppá að það verði með sama hætti og á síðasta ári. Sagði hún að það fyrirkomulag hafi reynst vel, þannig náum við til sem flestra og áfram sé skilyrði að fyrirliggjandi sé ársreikningur aðila. Þannig er áætlað að Hjálparstarf kirkjunnar fái 1.7 milljónir kr., Rauði krossinn á Íslandi 1.7 milljónir kr., Akranesdeild RKÍ 200 þús, Austurlandsdeild RKÍ 200 þús og deild RKÍ í Vestmannaeyjum sömuleiðis 200 þús.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp þá tillögu að jólstyrkur stjórnar yrði með sama hætti og síðast og eins og að ofan greinir.

Samþykkt samhljóða.

## 7. Kaup og sala á verkstæði/lagerhúsnæði

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað – Kaup og sala á iðnaðarhúsnæði orlofssjóðs*“ dags. 10.11 2016 og fór yfir innihald þess.

Kom fram í máli Stefáns að húsnæði félagsins að Funahöfða 17a henti ekki lengur starfsemi okkar og því hafi verið farið í það að leita að hentugra húsnæði. Húsnæðið að Lækjarmel 12 á Esjumelum teljum við að henti okkur mjög vel en verð þess er 28 milljónir kr. Vegna þessa hefur húsnæði VR að Funahöfða verið sett á sölu og er ásett verð 45 milljónir kr. og liggur þegar fyrir kautilboð fyrir 44.5 milljónir kr.

Því er nú leitað eftir samþykki stjórnar að fela framkvæmdastjóra VR að kaupa Lækjarmel 12 á 28 milljónir kr. og að selja Funahöfða 17a.

Samþykkt að kaupa og selja samkvæmt ofansögðu og undirrituðu fundarmenn að því loknu tvö umboð þess efnis.

Fundi var slitið kl. 20:32  
Árni Leósson, fundarritari